

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	Ens 303 Kennsluáætlun, vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Ómar Kristinsson, Harpa Jörundardóttir, Jónas Jónsson, Karen Malmquist	Sk.st.	ÓKR, HJD, JÓJ, KMQ
----------------	---	---------------	-----------------------

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta en í undanfarandi áföngum og geti greint dýpri merkingu þeirra. Lesin verða bókmenntaverk, þ.á.m. ein óstytt skáldsaga og hún túlkuð út frá bókmenntalegum hugtökum og samhengi. Aðrir textar verða valdir með tilliti til fjölbreytni og efnis. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar á skýran og rökrænan hátt í ræðu og riti. Farið verður ítarlega í uppbyggingu efnisgreina og ritgerða. Gert er ráð fyrir að nemendur kunni og geti beitt helstu grunnmálfræðireglum enskrar tungu við lok áfangans án þess þó að um skipulega málfræðkennslu sé að ræða. Námsmat fer fram í formi sísmats og með lokaprófi. Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um einn fyrir hvern virkan dag sem líður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Ekki verður um að ræða endurtektar- eða sjúkrapróf í verkefnum en í staðinn eykst vægi þeirra verkefna, sem nemandi hefur skilað, geti hann sýnt fram á réttmæt forföll. Lágmarkseinkunn er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð). Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerðar eða annarra verkefna fær viðkomandi ekki einkunn. Endurtekinn brot varða hugsanlegri brottvikningu úr áfanganum.

Markmið:

- > Að nemandi geti lesið flókna texta um margvísleg málefni
- > Að nemandi geti túlkað texta og áttað sig á dýpri merkingu hans
- > Að nemandi læri og tileinki sér aðferðir við ritun efnisgreina og ritgerða
- > Að nemandi geti tjáð sig skipulega og skapandi í rituðu og töluðu máli
- > Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt og í hóp
- > Að nemandi þjálfist í notkun tengiorða, samheita og orðmyndunar í rituðu máli

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Ens 303	
	Kennsluáætlun, vor 2012	

Námsgögn:

Skáldsaga: Mark Twain: *Tom Sawyer* (ýmsar útgáfur). Fjölritað hefti, fæst á skrifstofu.
(Fjölritun VMA, janúar 2012) Annað ítarefni frá kennara.

Áætlun um yfirferð:

Vikur 1-4 (9. jan - 3. feb) Kynning áfanga og kennsluáætlunar. Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða. Nemendur vinna ýmis verkefni þessu tengt. Lotunni lýkur með því að nemendur skrifa ritgerð byggða á efnisyrðingu (thesis).

Vikur 5-9 (6. feb – 2. mars) Lesin skáldsagan *Tom Sawyer* og fjallað um hana í kennslustundum með umræðum, framsögum og verkefnum. Munnlegt próf og skriflegt tímaverkefni í lok lotunnar.

Vikur 10-13 (5. mars – 30. mars) Unnið með texta í textahefti.

Vikur 14-15 (11. apríl - 30. apríl) Orðmyndun. Verkefni unnin í textahefti. Smásagan “Bloodflowers” lesin og tímaverkefni unnið úr henni. Samantekt annarinnar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Skriflegt / munnlegt	Munnlegt próf (10%), ritunarverkefni (10%) framsöguverkefni (10%) úr <i>Tom Sawyer</i> .	30%
Skriflegt	Ritgerð byggð á efnisyrðingu (20%)	20%
Skriflegt	Smásaga / Verkefni (5%)	5%
	Ástundun og þátttaka í kennslustundum (5%)	5%
Skriflegt	Lokapróf úr textum og orðmyndun (40%)	40%
	Samtals:	100%

Réttur til breytinga áskilinn.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils